

## Svar

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Björns Vals Gíslasonar og Þuríðar Backman um störf á vegum ríkisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hver hefur þróun fjölda starfa á vegum ríkisins verið sl. 15 ár*

*a. á höfuðborgarsvæðinu,*

*b. utan höfuðborgarsvæðisins, skipt eftir landshlutum?*

Upplýsingar um fjölda starfa á vegum ríkisins liggja ekki fyrir og því er í svari við fyrirspurninni stuðst við fjölda ársverka. Með ársverkum er átt við magn dagvinnu á ári. Eru þetta bestu fyrirbyggjandi upplýsingar til að varpa ljósi á þróun starfa hjá ríkinu og eru þær unnar úr launakerfi ríkisins.

Í töflu 1 er að finna fjölda ársverka á umræddu tímabili sundurliðað miðað við landshlutana höfuðborgarsvæði, Reykjanes, Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland.

Upplýsingarnar skýra vel umfang og breytingar á milli ára en þær skýra ekki að öllu leyti fjölgun eða fækkun starfa. Hugsanlegt er að t.d. fjarvera vegna fæðingarorlofs skekki myndina með því að sýna færri ársverk án þess að það þýði fækkun starfa. Þá getur tímavinna og tímabundnar ráðningar komið fram sem fjölgun ársverka án þess þó að slíkar ráðstafanir leiði til fjölgunar starfa. Þróun ársverka skýrir hins vegar vel meginbreytingar á milli ára og ekki verður séð að aðrar upplýsingar lýsi umræddri þróun með nákvæmari hætti. Gögn fyrir árið 2006 liggja enn ekki fyrir.

**Tafla 1. Fjöldi ársverka á vegum ríkisins 1990–2005.**

Landshluti	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Höfuðborgarsvæði	13.386	14.093	14.148	14.156	14.189	14.080	13.712	11.109
Reykjanes	662	693	685	682	698	685	646	468
Vesturland	702	725	725	806	742	716	638	410
Vestfirðir	440	434	440	439	438	429	401	208
Norðurland vestra	447	469	482	471	491	498	449	288
Norðurland eystra	1.436	1.429	1.441	1.386	1.413	1.380	1.235	699
Austurland	680	700	719	678	699	690	635	397
Suðurland	965	1003	1003	994	1010	994	923	619
<b>Samtals</b>	<b>18.717</b>	<b>19.547</b>	<b>19.643</b>	<b>19.612</b>	<b>19.680</b>	<b>19.472</b>	<b>18.640</b>	<b>14.199</b>

Landshluti	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Höfuðborgarsvæði	11.370	11.679	11.732	13.224	13.301	13.610	13.792	13.685
Reykjanes	416	438	421	349	370	388	408	397
Vesturland	402	407	427	423	433	441	415	507
Vestfirðir	203	202	208	210	214	209	212	241
Norðurland vestra	290	248	238	220	237	242	218	223
Norðurland eystra	667	646	621	635	652	658	653	702
Austurland	387	374	339	350	352	351	299	332
Suðurland	609	600	586	595	594	605	587	610
Samtals	14.344	14.596	14.571	16.005	16.151	16.505	16.585	16.698

Í töflu 2. er sýnd breyting á fjölda ársverka á vegum ríkisins í prósentum á milli ára á sömu svæðum. Hafa verður í huga þegar töflurnar eru skoðaðar að á umræddu tímabili átti sér stað umfangsmikill verkefnaflutningur frá ríki til sveitarfélaga sem leiddi til að störfum hjá ríkinu fækkaði verulega, einkum við flutning grunnskólans til sveitarfélaganna árið 1996. Fjölgun ársverka á Vesturlandi frá árinu 2004 til 2005 skýrist m.a. af stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri og stofnun framhaldsskóla á Grundarfirði. Fækkun ársverka á Reykjanesi milli áruna 2000 og 2001 má m.a. rekja til þess að tvær ríkisstofnanir, Fríhöfnin og Leifsstöð, voru sameinaðar og fyrirtækið Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. var stofnað.

**Tafla 2. Breyting milli ára í prósentum á fjölda ársverka á vegum ríkisins 1990–2005.**

	Ár 90-91	Ár 91-92	Ár 92-93	Ár 93-94	Ár 94-95	Ár 95-96	Ár 96-97	Ár 97-98
Höfuðborgarsvæðið	5,3	0,4	0,1	0,2	-0,8	-2,6	-19,0	2,3
Reykjanes	4	-1,2	-0,4	2,2	-1,8	-5,7	-27,6	-11,2
Vesturland	3,3	0,0	11,1	-7,9	-3,5	-11,0	-35,6	-2,0
Vestfirðir	-1	1,4	-0,3	-0,2	-2,0	-6,5	-48,2	-2,3
Norðurland vestra	5,1	2,7	-2,3	4,2	1,4	-9,9	-35,8	0,6
Norðurland eystra	-0,5	0,8	-3,8	1,9	-2,3	-10,5	-43,4	-4,6
Austurland	2,9	2,7	-5,7	3,2	-1,3	-7,9	-37,5	-2,6
Suðurland	3	-0,0	-0,9	1,7	-1,6	-7,2	-32,9	-1,6

	Ár 98-99	Ár 99-00	Ár 00-01	Ár 01-02	Ár 02-03	Ár 03-04	Ár 04-05
Höfuðborgarsvæðið	2,7	0,4	12,7	0,6	2,3	1,3	-0,8
Reykjanes	5,5	-4,0	-17,2	6,1	5,0	5,1	-2,8
Vesturland	1,3	4,9	-0,9	2,2	2,0	-6,0	22,2
Vestfirðir	-0,4	2,6	1,0	2,0	-2,2	1,5	13,8
Norðurland vestra	-14,6	-4,0	-7,4	7,6	2,4	-9,9	2,1
Norðurland eystra	-3,1	-4,0	2,2	2,8	0,8	-0,7	7,6
Austurland	-3,3	-9,4	3,3	0,4	-0,1	-14,9	11,1
Suðurland	-1,5	-2,3	1,4	-0,1	2,0	-3,0	3,9